
Reykjavík, 3. nóvember 2026
USK26100260

Álfheimar 49 – umsögn um starfsleyfi

Lögð er fram umsagnarbeiðni Reykjavíkur, dags 15. október 2026, þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Olíss um endurnýjun starfsleyfis á lóð við Álfheima 49. Um er að ræða umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir bensínstöð (og gasbirgðastöð, sem þarf að bæta við.)



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040


Borgarvefsjá, ljósmynd


Olís, Álfheimar 49

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin VÞ32, verslun og þjónustu.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Heimahverfi samþykkt í borgarráði 03.021956 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Skipulagsfulltrúi gerir ekki athugasemd við að starfsleyfi fyrir bensínstöð og gasbirgðastöð við Álfheima 49 verði veitt og endurnýjað til eins árs.

Bent er á að deiliskipulagsvinna er í gangi á svæðinu og breytingar á framtíðarfyrirkomulagi starfseminnar eru til skoðunar. Telur skipulagsfulltrúi því eðlilegt að leyfið verði veitt til takmarkaðs tíma á meðan þeirri vinnu er ólokið.

Niðurstaða

Ekki er gerð athugasemd við útgáfu starfsleyfis til eins árs samanber umsögn hér að ofan.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir

arkitekt og verkefnastjóri

Reykjavík